

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 117/2006

frá 22. september 2006

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2006 frá 2. júní 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 11. apríl 2006 um ráðstafanir til að draga úr áhættu vegna eftirfarandi efna: díbútýlþalats, 3,4-díklóranilíns, dí-‘ísódesýl’þalats, 1,2-bensendíkarboxýlsýru, C10-auðugra dí-C9-11-greinóttra alkýlesterá, dí-‘ísónónýl’þalats, 1,2-bensendíkarboxýlsýru, C9-auðugra dí-C8-10-greinóttra alkýlesterá, etýlendíamíntetraasetats, metýlasetats, mónóklóredíksýru, n-pentans og tetranatríumetýlendíamíntetraasetats ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 25. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2004/394/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„26. **32006 H 0283**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 11. apríl 2006 um ráðstafanir til að draga úr áhættu vegna eftirfarandi efna: díbútýlþalats, 3,4-díklóranilíns, dí-‘ísódesýl’þalats, 1,2-bensendíkarboxýlsýru, C10-auðugra dí-C9-11-greinóttra alkýlesterá, dí-‘ísónónýl’þalats, 1,2-bensendíkarboxýlsýru, C9-auðugra dí-C8-10-greinóttra alkýlesterá, etýlendíamíntetraasetats, metýlasetats, mónóklóredíksýru, n-pentans og tetranatríumetýlendíamíntetraasetats (Stjtið. ESB L 104, 13.4.2006, bls. 45).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla 2006/283/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. september 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 44, 7.9.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 104, 13.4.2006, bls. 45.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.